

Borðræða  
flutt af Joachim Gauck forseta Sambandslýðveldisins  
í tilefni opinbers hátíðarkvöldverðar til heiðurs forseta  
Íslands,  
hr. dr. Ólafi Ragnari Grímssyni og frú Dorriti Moussaieff  
í Bellevue-höll 25.6.2013

Þýðing á drögum

Heiðraði herra forseti,  
heiðraða frú Moussaieff,  
dömur mínar og herrar,

Það er mér gleðiefni að fá í kvöld, ásamt yður, að taka á móti þjóðhöfðingja lands sem, þó svo að fjarlægt sé, er nærri okkur í hug og hjarta.

Þegar haft er í huga einstaklega gott samband landa okkar er satt að segja allt of langt um liðið frá síðustu heimsóknum þjóðhöfðingjanna, frá heimsókn frú Vigdísar Finnbogadóttur, forseta, til Þýskalands í júlí 1988 og heimsókn forseta Sambandslýðveldisins herra Johannesar Rau til Íslands í júlí 2003. Það gleður okkur þess vegna enn frekar að þér, herra forseti, skulið heimsækja Þýskaland af öðru tilefni og tjá með þeim hætti gagnkvæma vináttu og tryggð.

Ég fagna því að þér ætlið í þessari heimsókn þjóðhöfðingja að sækja heim ekki aðeins Berlín heldur einnig sambandslöndin tvö: Bremen og Sachsen Í mínum augum mjög vel til fundin blanda. Samskipti Íslands við Bremen eiga sér nánast eitt þúsund ára sögu. Adalbert biskup í Bremen sendi og vígði Ísleif Gissurarson sem fyrsta íslenska biskupinn. Í Leipzig heimsækið þér mikilvæga borg í nýju sambandslöndunum sem hefur ekki aðeins látið til sín taka með bókasýningu sinni. Leipzig á sér líka glæsta tónlistarhefð. Leipzig gegndi þó lykilhlutverki í friðsamlegri byltingu í Austur-Þýskalandi árið 1989.

Herra forseti,

samband landa okkar á sviði stjórn mála og efnahags mála á sér árhundruða langa sögu, samband okkar á sviði menningar á sér árbúsunda sögu. Samband okkar í tímans rás er aldeilis ekki eingöngu markað þríeykinu „Kirche-Kaufmann-Kabeljau“ [aths. þýð.: kirkja-kaupmaður-þorskur]. En í árdaga voru það í reynd þessir þrír þættir sem tengdu saman Ísland og Þýskaland. Í kjölfar kristninnar komu ungir Íslendingar til guðfræðináms í Herford og Magdeburg. Fyrstu biskupar Íslands hlutu guðfræðimenntun sína og vígslu í biskupsdæmi Bremen. Hansa-kaupmenn komu sér fyrir í Hafnarfirði. Frá upphafi snérist viðskipti Íslands og Þýskalands ekki aðeins um vörur heldur einnig um hugmyndir. Bræðralag sjómanna á Íslandsmiðum, St. Annen, sem stofnað var í Hamburg árið 1412, kynnti til dæmis þorskin og fyrstu Íslendingasögurnar við Elbe-fljót. Og nokkru síðar fluttu skip Hansa-kaupmanna nýjar kenningar Lúters og hugmyndir siðskipta yfir Norður-Atlantshafið til Íslands.

Leit margra Þjóðverja að menningarlegum rótum sínum í upphafi 19. aldar leiddi þá til Íslands. Þróttmikið tungumál og blómlegar bókmenntir eyjarinnar – Íslendingasögurnar og Edda – hrifu þýskufræðinga engu síður en tónskáldið Richard Wagner, en við höldum upp á 200 ára afmæli hans í ár. Trúlegast hefði helsta verk hans, Niflungahringurinn/Der Ring der Nibelungen, ekki orðið til hefði Edda ekki verið þýdd á þýsku.

En í kvöld langar mig einnig til að minnast þess með hlýhug hvernig Íslendingar hjálpuðu okkur á erfiðleikatímum. Að stríðinu loknu, þegar Þýskaland lá í rústum og ösku, sendu Íslendingar okkur af rausnarskap fisk og lýsi. Rausnarskapur

og hjálpssemi Íslendinga þegar hungur og hörgulsjúkdómar surfu að björguðu mörgum jafnöldrum mínum í Þýskalandi. Þessu gleyma íbúar Þýskaland aldrei.

Herra forseti,

margir samlandar mínir hafa einstakt dálæti á Íslandi. Þýskum ferðamönnum til Íslands fjölgar með hverju árinu. Við hrífumst af jöklum og fjörðum, sögum og goðsögnum einnar af stærstu eldfjallaeyjum heims.

En það eru ekki aðeins náttúran og sögurnar sem einkenna góðan orðstír Íslands í Þýskalandi. Mikil þátttaka kvenna á vinnumarkaði og einhver hæsta fæðingartíðni í Evrópu eru áhrifaríkur vottur um framsækna fjölskyldu- og jafnréttisstefnu. Og þér eruð í fararbroddi með góðu fordæmi þegar kemur að störfum í þágu náttúruverndar og loftslagsverndar.

Herra forseti, þér sýnið þróun norðurheimskautssvæðisins sérstakan áhuga, svæðis sem Þýskaland hefur einnig mikinn áhuga á. Þetta á einkum við, en ekki einvörðungu, um rannsóknir á norðurheimskautinu. Við viljum vera samstarfsaðili yðar við þróun þessa svæðis og horfum þar til þeirra möguleika sem opnast til dæmis fyrir sjóferðir eða á sviði hráefna og orkumála, en viljum einnig beita okkur í þeim stóru krefjandi viðfangsefnum sem við blasa á sviði öryggismála, náttúruverndar og loftslagsbreytinga.

Ekki má heldur láta þess ógetið hér að Ísland er heimsþekkt og í fremstu röð á nánast öllum öðrum sviðum samtímamenningar, einkum á sviði klassískrar tónlistar, ólgandi popptónlistarlífs sem og í myndlistum.

Þar langar mig sérstaklega að nefna einn af fremstu fulltrúum íslenskrar samtímamennningar en það er Ólafur Elíasson. Ólafur Elíasson er í framvarðasveit evrópskra listamanna og hlaut nú nýverið Mies van der Rohe-verðlaun Evrópusambandsins. Hjartanlega til hamingju með það. Við erum stolt yfir því að hann skuli hafa valið Berlín sem miðpunkt starfs síns. Að þér, herra forseti, skulið hafa valið vinnustofu hans fyrir óformlegt upphaf Þýskalandsheimsókn yðar sýnir að þér metið hann jafn mikið og við.

Herra forseti,

snemma árs 2008 varð land yðar alveg sérlega illa fyrir barðinu á fjármálakreppunni. Á Íslandi skall á fordæmalaust fjármála-Tsunami með hörmulegum afleiðingum fyrir efnahagslífið og tilheyrandi byrði fyrir Íslendinga. Ísland fann tiltölulega fljótt leið út úr kreppunni með djörfum björgunaraðgerðum og nýtur fyrir það alþjóðlegrar viðurkenningar og á mikla virðingu okkar skilið fyrir þær sakir.

Umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu er enn ein athyglisverð niðurstaða kreppunnar. Þér vitið að Þýskaland hefur alveg frá upphafi stutt aðild Íslands að ESB af fullum þunga. Sambandsþingið undirstrikaði þetta með þingsályktun sinni. En auðvitað vitum við líka að Íslendingar eru klofnir í afstöðu sinni til aðildar að ESB og að framundan er að taka ákvörðun um framhald viðræðnanna. Kvöldið í kvöld má ekki líða án þess að ég segi eftirfarandi við yður: Það væri okkur mikil ánægja að geta boðið Ísland velkomið sem hluta af Evrópusambandinu. En hitt er líka ljóst: Á hvern veginn sem ákvörðun nýrrar ríkisstjórnar lands yðar fellur munum við

halda áfram uppbyggilegu samstarfi við Ísland, hvort sem það verður undir formerkjum aðildar að Evrópusambandinu eða sem áframhaldandi samstarf innan núverandi ramma evrópska efnahagssvæðisins.

Heiðraði forseti, við Þjóðverjar gerumst fljótt hástemmdir þegar okkur verður hugsað til Íslands. Við skulum í sameiningu vinna að því að gagnkvæmur áhugi og skoðanaskipti, og þá einkum meðal ungs fólks, haldi áfram að dafna á komandi árum.

Ég bið yður að lyfta glasi með mér fyrir persónulegum velfarnaði herra forseta dr. Ólafs Ragnars Grímssonar, frú Dorritar Moussaieff og fyrir þýsk-íslenskri vináttu!